Kennsluforrit frá Námsgagnastofnun
Unglingastig

Titill	Umsögn	Námsgrein	Skólastig
Að borga	Peningaþjálfun fyrir grunnskólanemendur. Hugareikningur. Nemendur fara út í búð og kaupa inn fyrir sig og heimilið. Síðan þurfa þeir að reikna heildarverð og velja peningaupphæð til að borga með og fá til baka	Sérkennsla, stærðfræði	1.-10. Bekkur sérstaklega fyrr yngra og miðstig
Aflfræði	Fjallað um orsakir þess að hlutur hreyfist. Mikil áhersla lögð á grafíska heildun þegar finna skal atlag krafts.	Náttúrufræði, eðlisfræði	8.-10. bekkur
Alice	Forritið byggist á ævintýrinu um Lísu í Undralandi þar sem nemandinn leysir þrautir á fremur einfaldri ensku til að komast heim. Vinsælt hjá miðstiginu.	Enska	5.-10. bekkur
Almenn brot	Brot sýnd með kökuritum. Nemendur geta skoðað brotin og fá ýmis tækifæri til að leysa ýmis dæmi, finna nefnara, samnefnara skrifa brot kökuritsins, breyta broti í prósentur, leggja saman samnefnd brot og ósamnefnd.	Stærðfræði	5.-10. bekkur
Arkimedes	Markmið forritsins er að auðvelda nemendum skilning á lögmáli Arkimedesar. Þeir geta gert ýmsar tilraunir t.d. að bera saman eðlismssa fastra efna og vökva. Þetta gera þeir með því að sökkva hlutum úr ýmsum efnum með ólíkan eðlismassa í vökva. Einnig geta þeir aflað sér enn frekari upplýsinga um eðlismassa og skoðað sýnitilraun.	Eðlifræði	8. bekkur
Billedeordbog	Kennsluforrit fyrir tungumálakennslu. Forritinu fylgir efni fyrir dönsku, ensku, þýsku og frönsku. Efnisflokkar eru þrír: Bær og sveit, Þú og ég og Húsið. Með hverjum efnisflokki fylgja 10 myndir og orðalisti með hverri mynd. Einnig er hægt að nýta það sem verkfæraforrit til að búa til ný verkefni og, nýjum myndum og teikningum með bmp-sniði. Auðvelt í notkun.	Danska, enska,erlend mál	5.-10. bekkur
Brúsaþrautir	Forritið þjálfar nemendur þrautalausnum. Áhersla frádrátt, samlagningu, margföldun og deilingu. Stigþyngist fljótt.	Stærðfræði	3.-10. Bekkur sérstaklega fyrir yngsta og miðstig
Bútarnir	Í þessu forriti gefst nemendum tækifæri á að fást við form, búa til ýmis form, raða saman formum og þroska þannig formskyn. Byggt á kínverska Tangram púsluspilinu. Með forritinu fylgja 30 verkefni sem flokkuð hafa verið niður í þrjá flokka eftir þyngd.	Stærðfræði	2.-10. bekkur
Dagur í búðinni	Forritið byggir á þjálfun með metrakerfið og að geta breytt milli eininga þess. Hægt að þyngdarstilla það.	Stærðfræði	6.-10. bekkur

Kennsluforrit frá Námsgagnastofnun
Unglingastig

Engram	Þjálfun í enskri málfræði, lestir og ritun. Stigþyngjandi æfingar. Framganga nemanda ræður til um næstu æfingu. Tólf aðalkaflar ásamt prófköflum. Einfalt og auðvelt í notkun.	Enska	6.-10. bekkur
Flott föll	Forrit í stærðfræði sem hægt er að nota til að teikna og skoða gröf falla, svo sem beinna lína, fleygboga og breiðboga og lausnamengi ójafna. Einnig er hægt að gera gildistöflur og reikna út gildi skurðpunkta, núllstöðvar, topppunkta ásamt x- og y-gildum.	Stærðfræði	Unglingastig
God-bedre-bedst	Kennsluforrit sem byggist á að þjálfa og byggja upp orðaforða. Byggist á nokkrum leikjum sem síðan er hægt að skipta upp í þemu. Sög efter ord= Finna orð sem vantar. Metamorfose=Finna orð eða orðasamband (svipað og hengingarleikur). Krydsordsboksen= Finna orð sem eru falin inni í svæði. Husk!= Minnisleikur þar sem para á orð saman. På jagt efter ord= Finna orðið sem tengist ekki hinum. Find ordet=Finna orð eftir fyrirmælum. Puslespil= Raða saman orðum/frásögnum svo þau myndi heildstæða frásögn. Leg med overskrifter=Finna fyrirsagnirnar sem passa við frásagnir. Byvandring=Tengja saman myndir af stöðum í Kaupmannahöfn við lýsingar sem passa.	Danska	7.-10. bekkur
Graf, p-graf	Forrit sem gefur kost á að teikna gröf falla. Hægt er að slá inn jöfnur fallanna á venjulegu stærðfræðitáknmáli. Mjög einfalt í notkun. Verkefnablöð fylgja forritinu.	Stærðfræði	9.-10. bekkur
Grafkassi	Hægt er að teikna föll, lesa fallgildi af grafi, teikna afleiðu, skoða snertla ofl. Að auki má skoða talnagögn á myndrænan hátt. Nokkurs konar verkfæri sem hægt er að beita til að kanna föll.	Stærðfræði	9.-10. bekkur
Grafsveigir	Forritið hentar vel til að kenna fleygboga og breiðboga. Verkefnabók fylgir forritinu.	Stærðfræði	9.-10. bekkur
Hreindýrabúið	Forritið veitir notandanum tækifæri til að spreyta sig sem hreindýrabóndi með eigin hjörð. Nemandinn verður að taka ákvarðanir eins og hver annar alvörubóndi. Unnið t.d. með súlurit, skífurit og línurit.	Náttúrufræði, samfélagsfr., sí	3.-8. bekkur

Kennsluforrit frá Námsgagnastofnun
Unglingastig

Hugvaki	Hentar vel við alla málþjálfun, einkum þar sem þjálfun getur falist í að byggja orð og setningar á myndum. Forritið á að hjálpa nemandanum að auka leikni í að semja og lesa texta, skilja og fara með orð og hugtök.	Íslenska, Ritun	5.-10. bekkur
Ísland og umheimurinn	Í raun eru þetta tvö forrit. Annars vegar um Ísland og hinsvegar um 138 önnur lönd. Forritið byggist upp á spurningaleik og hægt er að nota sem gagnagrunn til að afla sér upplýsinga. Nemendur taka þátt í spurningaleik og öðlast þannig vitneskju um landafræði, sögu og samfélagsaðstæður á stöðunum. Mikið af góðum myndum og ýmsar tölulegum upplýsingum sem gerð eru skil á	Samfélagsfræði	5.-10. bekkur
Kefrens pýramýdi	Stærðfræðileikur sem þjálfar m.a. reikniaðgerðirnar fjórar, slembireikning talnaskilning, myndrit, þrautalausnir, prósentureikning o.fl. Leikurinn gerist í Kefrenspýramídanum. Í hinum ýmsu sölum hans verður að leysa stærðfræðiþrautir til að komast áfram. Markmiðið er að komast efst í pýramídann þar sem eini útgangur hans er.	Stærðfræði	7.-10. bekkur
Klukkan	Forritið er þjálfunarforrit fyrir nemendur sem eru að læra á klukku, bæði á skífuklukku og tölvuúr, einkum þó ætlað þeim sem þurfa sérstaka þjálfun í að þekkja á klukku.	Stærðfræði, sérkennsla	1.-4. bekkur
Language Master	Forritið er annars vegar málfræðiforrit þar sem t.d. þarf að beygja sagnir, mynda fleirtölu o.s.frv. Hinsvegar stafsetningarforrit þar sem nemandi fær þjálfun í að stafsetja erfið orð á því tungumáli sem hann velur. Hægt er að fá vísbendingar um svar eða uppgefna stafi í orðum.	Danska, enska,erlend mál	8.-10. bekkur
Margföldun	Einfalt margföldunarforrit þar sem hægt er að fá dæmi uppsett eða hugarreikningur. Nemendur geta keppt við tímann og stig veitt fyrir skjót viðbrögð. Hægt að stilla tíma og erfiðleikastig eða taka ákveðinn þátt út.	Stærðfræði	3.-10. Bekkur

Kennsluforrit frá Námsgagnastofnun
Unglingastig

Margmiðlunarsmiðjan	Verkfæraforrit til að búa til eigin margmiðlun í Windows-umhverfi. Hægt er á einfaldan hátt að setja myndir, hljóð, teikningar, myndbandsbúta og hreyfimyndir inn í forritið. Nota má gögn af CD-ROM-diskum eða öðrum forritum. Með forritinu geta nemendur búið til sínar eigin heimasíður. Í handbókinni sem fylgir eru mikilvægar og hnitmiðaðar lýsingar á því hvernig forritið vinnur auk margra æfinga sem eru að mestu sjálfstæðar. Markmið með bókinni var að búa til einfalda og stuttorða handbók sem auðveldar notendum að átta sig á forritinu án þess að farið sé of mikið í smáatriðin. Skýrar og greinagóðar lýsingar eru í bókinni bæði í máli	Upplýsinga- og tæknimennt.	Miðstig og unglingastig
Málfræðigreining	Greining í orðflokka. Einfalt forrit og auðskyldar leiðbeiningar. Hægt er að fylgjast með árangri hvers nemenda. Auk þess er hægt að fá nánari upplýsingar um hvern orðflokk, einkenni og fleira.	Íslenska	6.-10.bekkur
Minnisleikur	Para saman orð, liti, rekningsæmi ofl. Orðin geta verið rímorð, samheiti, andheiti eða þýðingar úr erlendum tungumálum. Notuð eru 24 spil í einu (12 pör). Hægt er að stjórna hvað stendur á spilunum.	Íslenska, stærðfræði,ýmisleg	2.-10. bekkur
Moster	Er greiningarverkefni á atómum (mólikúlum). Sýnir uppbyggingu atóma og hægt að skoða samtenginu þeirra frá ýmsum hliðum (snúa þeim). Einfalt forrit en lítil grafík.	Eðlisfræði, efnafræði	9.-10. bekkur
Móðurmálsleikir	Leikir til að auka orðaforða nemenda. Skiptist í fjögur þemu. **Aftaka**: Tölvan velur af handahófi og nemendinn reynir að finna út orðið (sbr. Hengingarleikur). **Böggl:** Leikmaður á að finna sem flest íslensk orð á rétthyrndu leikborði samkv. ákv. reglum. **Orðapúsl**: Nokkurs konar krossgáta. **Spakmæli:** Leikmaður reynir að finna út málshátt sem tölvan velur af handahófi.	Íslenska	4.-10. bekkur
Myndagetraun	Þjálfar myndskyn nemenda þar sem þeir eiga að þekkja myndir af ýmsum dýrum. Hins vegar þjálfist nemendur í heitum, ritháttum eða læra hluta þeirra. Þrír geta keppt í einu.	Náttúrufræði, Íslenska	1.-4. bekkur

Kennsluforrit frá Námsgagnastofnun
Unglingastig

Myndaorðabók	Myndaorðabók á allt í senn erindi til barna, unglinga og fullorðinna með ólíka tungumálakunnáttu og er hægt að nota forritið á ýmsa vegu og á mismunandi námsstigum. Einkum er lögð áhersla á að efla færni bæði varðandi málskilning og málnotkun og einnig að þjálfa nemendur í að nota tölvu. Hægt er að nota forritið til námsaðgreiningar og jafnframt til einstaklingsbundinnar þjálfunar. Forritið getur nýst nemendum með annað tungumál en íslensku.	Enska, danska íslenska	Miðstig og unglingastig
Orðaskak	Þjálfar málnotkun og eykur orðaforða. Byggt upp á sömu hugmyndum og leiknum Skrafl (Scrabble). Gert er ráð fyrir að tveir nemendur keppi hverju sinni.	íslenska, enska, danska	4.-10 bekkur
Play with words	Margmiðlunardiskur í ensku fyrir byrjendur. Á diskinum eru 16 efnisflokkar svo sem um skólann, fjölskylduna og áhugamál. Innan hvers efnisflokks eru stuttar teiknimyndir, leikir og óvæntar uppákomur.	Enska	5.-10. bekkur
Rakstraumsrásir	Í forritinu er líkt eftir tilraunum á tengibretti. Nemendur læra að þekkja íhluti rásar í sjón, tengja saman í virka rás og mæla straum og spennu.	Eðlisfræði, náttúrufræði	9.-10. Bekkur
Reiknihellirinn	Þjálfar helstu grunnaðgerðir stærðfræðinnar, plús, mínus, margföldun, deiling og brot. Kennarar þurfa að búa til fleiri dæmi.	Stærðfræði, sérkennsla	4.-8. bekkur
Reiknum meira	Forritið skiptist í þrennt, mismunandi eftir aldurstigum. **Talnavinna** (1.-7. bekkur): Þjálfun í samlagningu, frádrætti og margföldun. **Talnabrask** (1.-10. bekkur): Þjálfun í reikniaðgerðunum fjórum. Hægt að að reikna í kapp við tímann. **Völundarhúsið** (4. -10. bekkur): Leikur þar sem nemendur þurfa að glíma við ýmis verkefni tengd talnavinnu.	Stærðfræði, sérkennsla	1.-10. bekkur
Ritbjörg	Ritsmíðaforrit. Til aðstoðar nemendur við skipulagningu ritsmíða. Forritið hefur að geyma líkön af ýmsum hagnýtum ritsmíðum, t.d. Sendibréfum, frétt, greinum ofl. Ferlisritun notuð til grundavallar. Kennsluleiðbeiningar fylgja.	Íslenska	6.-10. bekkur

Kennsluforrit frá Námsgagnastofnun
Unglingastig

Ritfinnur	Kennsluforrit til að leiðbeina nemendum og styðja þá í vélritunarnámi. Nemendur geta valið að nota gamalreyndar aðferðir, sett sér markmið um hraða og nákvæmni, látið forritið meta frammistöðu sína og æft sérstaklega notkun lykla sem þeir eiga í erfiðleikum með. Forritið býður með öðrum orðum upp á þjálfun sem sniðin er að einstaklingsbundnum þörfum og miðar að rökréttri námsframvindu undir umsjón Ritfinns. Á heimasíðu Námsgagnastofnunar www.namsgagnastofnun.is, undir hnappnum Námsefni á vef / Upplýsinga- og tæknimennt, er hægt að nálgast kennsluleiðbeiningar með forritinu. Vinsamlegast athugið! Skólastjórar eru ábyrgir gagnvart rétthöfum að forritið sé ekki	UPPLÝSINGA- OG TÆKNIMENNT, ÝMISLEGT	Öll aldursstig
Stjörnumerkin	Myndrænn gagnabanki með upplýsingum og útskýringum um stjörnufræði.	Náttúrufræði	8.-10. bekkur
Stærðfræði í dagsins önn	Margmiðlunarforrit sem hannað er til að þjálfa börn og unglinga í þeim grundvallaratriðum stærðfræðinnar sem kunna þarf skil á í daglegu lífi. Það er ætlað nemendum sem þurfa að jafnaði mikla endurtekningu til að ná tökum á þessum þáttum. Efni disksins er byggt á námsbókunum Stærðfræði í dagsins önn.	Stærðfræði, sérkennsla	Miðstig og unglingastig
Tetra	Forritið Tetra er ætlað sem hjálpartæki við þjálfun á nokkrun grunnatriða í efnafræði. Það skiptist í fimm hluta sem kallast Stilling á efnajöfnum, Formúlur, Lotukerfið Rafeindaskipan og Próf. Í hverjum hluta eru þjálfuð afmörkuð viðfangsefni en í prófhlutanum getur nemendi valið út hvaða hlutum forritsins próf er	Efnafræði	9.-10. Bekkur
Túlkur	Leikur með verkefnum úr námsefni grunnskóla. Með forritinu fylgja nokkrir verkefnaflokkar. T.d. Samheiti, andheiti, stafrófsröð, orðflokkar ofl.	Íslenska, danska, enska ofl.	5.-10. bekkur
Töfraflísar	Skiptist í fjóra þætti og nemendur þjálfaðir í: að þekkja mynstur, grundvallarþættir stærðfræðilegrar rökhugsunar, flokkun eftir eiginleikum, að finna stöðu hlutar í rúðuneti (hnit).	Stærðfræði	1.-4. bekkur
Tölvuflóra	Plöntugreiningarforrit. Hjálpartæki til greiningar á blómaplöntum eftir einföldum og sýnilegum einkennum, s.s. lit, lögun ofl.	Náttúrufræði	5.-10. bekkur

Kennsluforrit frá Námsgagnastofnun
Unglingastig

Villi í villuleit	Forritið byggir á tveimur þáttum þar sem skrifað er upp eftir réttum texta. Sjónminnisæfingar. Nemandinn skrifar inn einfaldan texta þar sem forritið kemur í veg fyrir ranga stafsetningu. Eyðufyllingaræfingar. Þar fyllir nemandi inn í eyður og forritið fylgist með árangri nemandans, hve margar villur hann gerir og gefur einkunn. Hægt er að fylgjast með árangri hvers og eins.	Íslenska, sérkennsla	Miðstig og unglingastig
Ævar	**Stafsetningarhluti.** Einfaldar eyðufyllinga æfingar þar sem nemendur keppa við tímann. **Stærðfræðihluti** þar sem hægt er að velja um ýmsar reikniaðgerðir. Þessar eru þær helstu: samlagning, deiling, margföldun, almenn brot, tugabrot ofl.	Íslenska, Stærðfræði	5.-10. bekkur